

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2021/133****2022/EES/29/15****frá 4. febrúar 2021****um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/858 að því er varðar grunnsnið og
-uppbyggingu sem og aðferð við skipti á gögnum í samræmisvottorðinu á rafrænu formi (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/858 frá 30. maí 2018 um viðurkenningu á og markaðseftirlit með vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra og á kerfum, íhlutum og aðskildum tæknieiningum sem ætlaðar eru í slík ökutæki, um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 715/2007 og (EB) nr. 595/2009 og niðurfellingu tilskipunar 2007/46/EB (1), einkum 8. mgr. 37. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Til að tryggja að aðildarríki hafi nægan tíma til að skipuleggja og byggja upp gagnanet sín svo hægt sé að afhenda og taka á móti samræmisvottorðum sem formföstum gögnum á rafrænu formi þykir rétt að nota evrópska ökutækja- og ökuskríteinaupplýsingakerfið (EUCARIS) (2) við skipti á þeim gögnum. Evrópska ökutækja- og ökuskríteinaupplýsingakerfið var þróað af og fyrir ríkisstofnanir til að deila skráningarupplýsingum ökutækja og ökuskríteina.
- 2) Til að tryggja að skipti á samræmisvottorðunum fari fram með samræmdum hætti og að gagnastökin og skilaboðin sem þau innihalda séu samhæfð ættu snið og uppbygging gagnastaka samræmisvottorðanna að grundvallast á uppbyggingu og meginreglum XML-gerðarlýsingar (e. *Extensible Markup Language (XML) schema structure and principles*). Við skipti á formföstum gögnum á rafrænu formi ættu framleiðandinn og viðurkenningaryfirvaldið að nota stöðluð skilaboð um upphaflegar upplýsingar um ökutækið (e. *Initial Vehicle Information Message (IVI-skilaboð)*) sem málсаðili ökutækja- og ökuskríteinaupplýsingakerfisins þróaði en hann hefur jafnframt verið tilnefndur til að sinna starfrækslu þess.
- 3) Til að gera viðurkenningaryfirvaldinu og framleiðandanum kleift að gera breytingarnar á gagnastökum samræmisvottorðsins á pappír í gagnaneti sínu, sem um getur í 1. mgr. 36. gr. reglugerðar (ESB) 2018/858, er nauðsynlegt að mæla fyrir um hagnýtt fyrirkomulag fyrir slíkar breytingar.
- 4) Til að gera gerðarviðurkenningaryfirvöldum, markaðseftirlitsyfirvöldum og skráningaryfirvöldum aðildarríkjanna sem og framleiðendum kleift að undirbúa sig fyrir beitingu nýju reglnanna, sem eru innleiddar með þessari reglugerð, ætti að fresta dagsetningunni þegar þær koma til framkvæmda.
- 5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit tækninefndarinnar um vélknúin ökutæki (TCMV).

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 42, 5.2.2021, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 54/2022 frá 18. mars 2022 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 151, 14.6.2018, bls. 1.

(2) Samsteypt útgáfa EUCARIS-samningsins um evrópskt ökutækja- og ökuskríteinaupplýsingakerfi, þ.m.t. breytingarnar sem málсаðilarnir undirrituðu 8. júní 2017.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Aðferð við skipti á gögnum

1. Framleiðandinn skal veita gerðarviðurkenningaryfirvaldinu, sem hefur heimilað heildargerðarviðurkenninguna, aðgang að rafrænni útgáfu samræmisvottorðsins, í samræmi við sniðið og uppbygginguna á gagnastökunum og stöðluðu skilaboðunum sem sett eru fram í 2. gr., í gegnum allar landsbundnar aðgangsstöðvar evrópska ökutækja- og ökuskírteinaupplýsingakerfisins í Sambandinu.
2. Viðurkenningaryfirvaldið skal nota evrópska ökutækja- og ökuskírteinaupplýsingakerfið sem miðil við skipti á gögnum í samræmisvottorðinu sem formföstum gögnum á rafrænu formi sem um getur c-lið 8. mgr. 37. gr. reglugerðar (ESB) 2018/858.

2. gr.

Grunnsnið og -uppbygging gagnastaka og stöðluð skilaboð

1. Snið og uppbygging gagnastaka samræmisvottorðanna á rafrænu formi og skilaboðin sem notuð eru við gagnaskiptin, sem um getur í a-lið 8. mgr. 37. gr. reglugerðar (ESB) 2018/858, skulu grundvallast á uppbyggingu og meginreglum XML-gerðarlýsingar.
2. Við skipti á samræmisvottorðum sem formföstum gögnum á rafrænu formi skulu framleiðandinn og viðurkenningaryfirvaldið nota stöðluð IVI-skilaboð sem máláðili ökutækja- og ökuskírteinaupplýsingakerfisins þróaði en hann hefur jafnframt verið tilnefndur til að sinna starfrækslu þess.
3. IVI-skilaboðin skulu innihalda öll gagnastök samræmisvottorðsins á pappír sem um getur í 1. mgr. 36. gr. reglugerðar (ESB) 2018/858.

3. gr.

Verklag til að breyta gagnastökum

1. Að höfðu samráði við gagnaskiptatorg vegna framkvæmdar („framkvæmdartorgið“), sem um getur í 11. gr. reglugerðar (ESB) 2018/858, skal framkvæmdastjórnin upplýsa máláðila ökutækja- og ökuskírteinaupplýsingakerfisins, sem hefur verið tilnefndur til að sinna starfrækslu kerfisins, um breytingarnar á forskriftum gagnastakanna fyrir samræmisvottorðið á pappír sem um getur í 1. mgr. 36. gr. reglugerðar (ESB) 2018/858.
2. Máláðili ökutækja- og ökuskírteinaupplýsingakerfisins, sem hefur verið tilnefndur til að sinna starfrækslu þess, skal gera nauðsynlegu breytingarnar, sem um getur í 1. mgr. IVI-skilaboðanna, innan 3 mánaða frá því að breytingarnar á samræmisvottorðinu á pappír, sem um getur í 1. mgr. 36. gr. reglugerðar (ESB) 2018/858, eru birtar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.
3. Máláðili ökutækja- og ökuskírteinaupplýsingakerfisins, sem hefur verið tilnefndur til að sinna starfrækslu þess, skal skipuleggja og tilgreina birtingardag eða -daga fyrir breyttu útgáfu IVI-skilaboðanna, sem eru ákvarðaðir í samræmi við 2. mgr., í árlegu yfirliti og tilkynna framkvæmdartorginu og framkvæmdastjórninni um það í upphafi hvers árs. Takmarka skal birtingar IVI-skilaboða við tvær á ári.
4. Framkvæmdastjórnin skal tilkynna framkvæmdartorginu um breytta útgáfu IVI-skilaboðanna og skipulagða árlega birtingardaga evrópska ökutækja- og ökuskírteinaupplýsingakerfisins.
5. Viðurkenningaryfirvöld, markaðseftirlitsyfirvöld og skráningaryfirvöld aðildarríkjanna og framleiðendur skulu innleiða breytta útgáfu IVI-skilaboðanna í kerfin sín innan 12 mánaða frá því að breytingarnar á samræmisvottorðinu á pappír, sem um getur í 1. mgr. 36. gr. reglugerðar (ESB) 2018/858, eru birtar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

6. Samræmisvottorðið, sem framleiðandinn gerir aðgengilegt í samræmi við 1. mgr. 1. gr., skal byggjast á nýjustu IVI-skilaboðunum sem endurspeglar síðustu breytingarnar á samræmisvottorðinu á pappír sem um getur í 1. mgr. 36. gr. reglugerðar (ESB) 2018/858.

7. Framkvæmdastjórnin skal ákvarða dagsetningarnar sem breytingarnar á samræmisvottorðinu á pappír koma til framkvæmda, sem um getur í 1. mgr. 36. gr. reglugerðar (ESB) 2018/858, með því að taka tillit til skipulagðra árlegra birtingardaga IVI-skilaboðanna.

4. gr.

Gildistaka og framkvæmd

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. janúar 2023.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 4. febrúar 2021.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.
